

# Fjármálastjórnun

## 5.1 Stefna félags

Stefna félagsins er að fjárhagsleg staða sé ávallt jákvæð og að hún geti stutt við uppbyggilegt og árangursríkt starf félagsins. Rekstur skal vera hallalaus á hverju ári. Ávallt skal staðið við gerða samninga og staðið í skilum með greiðslur. Allur rekstur félagsins skal vera sýnilegur og í samræmi við landslög.

Gjaldkeri, ásamt stjórn, er ábyrgur fyrir fjármálum deildarinnar og eru allar greiðslur óheimilar án samþykkis hans. Formaður, gjaldkeri og stjórn hafa reglubundið eftirlit með fjármálum félags.

Félagið útvisar bókhaldsvinnu til fyrirtækisins Framtals ehf. sem færir bókhald þess samkvæmt reglugerð ÍSÍ um fjárreiður íþróttafélaga.

Fjármálastefna félagsins byggir á eftirfarandi:

A) Bókhald yngri og eldri iðkenda í frjálsum íþróttum er ekki aðskilið vegna þess hve fáir iðkendur eru eldri en 16 ára. Mögulegt er að skoða kostnað vegna barna- og unglingsstarfs í frjálsum með því að fara í gegnum fylgiskjöl í bókhaldinu. Bókhald vegna langhlaupadeildar er aðskilið frá bókhaldi fyrir frjálssar. Allir iðkendur í langhlaupadeild eru 16 ára eða eldri.

B) Fjárhagsáætlanir skulu gerðar fyrir hvert rekstrarár. Fjárhagsáætlanir næsta árs skulu ávallt fylgja reikningum fyrra árs og taka mið af þeim. Fjárhagsáætlanir skal leggja fram á aðalfundi félagsins til samþykktar. Nota skal fjárhagsáætlanir sem virkt eftirlit með fjármálum. Rekstrarárið er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.

C) Laun þjálfara

1. Laun þjálfara skulu vera samræmd og miðast við menntun, reynslu, umfang og iðkenda fjölda. Fyllsta jafnréttis skal gætt við greiðslu launa til karl- eða kvenkyns þjálfara.
2. Stefna félagsins er að þjálfarar séu launþegar. Sé um verktöku að ræða skal landslögum og skattalögum fylgt og farið eftir leiðbeiningum Ríkisskattstjóra.

## 5.2 Innheimta æfingagjalda

Æfingagjöld eru ákveðin af stjórn félagsins fyrir upphaf vetrarstarfs hverju sinni. Gjaldkeri hefur umsjón með innheimtu. Aðili sem skráir sig telst iðkandi út tímabilið, svo lengi sem hann afskráir sig ekki. Æfingagjöld eru innheimt í gegnum Nori greiðslukerfi. Skipta má æfingagjöldum niður í allt að þrjár greiðslur.

Óski iðkandi að hætta iðkun skal foreldri eða forráðamaður senda tölvupóst á gjaldkeri@ufa.is og tilkynna um ákvörðun iðkanda. Ekki er fullnægjandi að tilkynna úrsögn til þjálfara. Skráning iðkenda er bindandi fyrir önnina og endurgreiðir félagið ekki æfingagjöld nema þá að um langvarandi veikindi eða slys sé um að ræða. Allar slíkar beiðnir þurfa að berast á netfangið [gjaldkeri@ufa.is](mailto:gjaldkeri@ufa.is).

Félagið veitir 30% systkinaafslátt.

## 5.3 Fjáraflanir

Allar fjáraflanir skulu vera í nafni félagsins og hlýta þeim reglum sem gilda um fjáraflanir innan félagsins. Fjáraflanir félagsins eru þrens konar:

- a) Fjáraflanir þar sem afraksturinn rennur óskiptur til þeirra iðkenda sem taka þátt, til dæmis sala á wc-pappír, kjöti, fiski og öðrum varningi.
- b) Sameiginlegar fjáraflanir þar sem afraksturinn rennur til félagsins og nýtist til reksturs félagsins, til dæmis brautarvarsla í götuhlaupum á vegum langhlaupadeildar UFA
- c) Fjáraflanir tengdar sérstökum verkefnum sem framundan eru, t.d. utanlandsferðum.

Foreldraráð/fjáröflunarnefnd skal halda utan um fjáraflanir hópa. Óheimilt er að skuldsetja hópa vegna ferðalaga erlendis eða innanlands nema með samþykki stjórnar.